



ÁRSSKÝRSLA 2017



HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ
Á AKUREYRI



AKUREYRI 2018

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Starfsemi.....	4
Fundir og fræðsla.....	5
Sýningar.....	6
Verkefni.....	6
Rekstraryfirlit 2017.....	7
Afhendingar 2017 - yfirlit.....	7

Inngangur

Starfssvæði Héraðsskjalasafnsins á Akureyri nær yfir fimm sveitarfélög við Eyjafjörð, frá Hörgársveit vestan fjarðar til og með Grýtubakkahreppi austan Eyjafjarðar. Sveitarfélögin eru Akureyri ásamt Grímsey og Hrísey, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur. Íbúar á svæðinu voru 21.236 þann 1. desember 2017.



Akureyrarbær rekur safnið og stjórn Akureyrarstofu fer með málefni þess. Í apríl hélt stjórn Akureyrarstofu fund sinn á safninu.

Safnið starfar skv. lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og reglugerð um héraðsskjalasöfn frá 1994 þar til reglugerð á grundvelli laganna frá 2014 verður sett. Safnið starfar einnig skv. samþykkt um Héraðsskjalasafnið á Akureyri frá 2012.

Hlutverk safnsins er söfnun, innheimta, skráning og varðveisla skjala og annarra heimilda um starfsemi og sögu héraðsins til notkunar fyrir stjórnendur og starfsmenn sveitarfélaga og stofnana þeirra svo og fyrir einstaklinga. Héraðsskjalasafnið á einnig að hafa eftirlit með

skjalavörslu hjá stofnunum og starfsmönnum sveitarfélaganna og veita þeim ráðgjöf varðandi skjalavörslu.


Safnið er opið öllum sem á þjónustu eða upplýsingum þurfa að halda, hvort sem það er í þágu vinnu, verkefna eða áhugamála.

Dagleg verkefni skjalavarða felast einkum í eftirliti, ráðgjöf, innheimtu, móttöku, skráningu og frágangi skjala, hvort heldur er frá sveitarfélögum sem að safninu standa eða einstaklingum, félögum og fyrirtækjum á safnsvæðinu. Auk þess aðstoða skjalaverðir gesti á lestrarsal við heimildaleit og annast afgreiðslu fyrirspurna.


Tveir starfsmenn eru í 100% starfi við safnið, Aðalbjörg Sigmarsdóttir héraðsskjalavörður og Lára Ágústa Ólafsdóttir skjalavörður.

Starfsemi

Á Héraðsskjalasafnið komu 720 gestir á árinu 2017 og hafði þeim heldur fækkað á milli ára. Á síðustu 10 árum hefur þessi gestatala lítið breyst, það þýðir þó ekki að þjónusta við gesti hafi staðið í stað heldur hefur það aukist að þjónusta sé veitt eftir öðrum leiðum en við komu á lestrarsal. Hlutföll karla og kvenna voru þau að 486 karlar og 234 konur komu á safnið og hefur hlutur kvenna aukist á síðustu 10 árum úr því að vera 19,2% árið 2008 í það að vera 32,5% árið 2017.



Lán á skjölum úr geymslum safnsins til notkunar á lestrarsal voru 3051 skjalanúmer og höfðu aukist um 7,7% frá fyrra ári og lán til notkunar á sýningum voru 1440. Safninu voru afhentir rúmir 57 hillumetrar af skjölum í 124 afhendingum og er það svipuð tala og árið áður hvað varðar fjölda afhendinga, en umfangið þ.e. hillumetrarnir voru færri.



Héraðsskjalasafninu á Akureyri var færð ný borðtölva og skanni að gjöf í byrjun mars til notkunar fyrir gesti safnsins á lestrarsal. Gefendur voru Nýja kaffibrennslan og Kjarnafæði á Akureyri og eru forsvarsmönnum þessara fyrirtækja færðar bestu þakkir fyrir.

Fundir og fræðsla

Vorfundur opinberra skjalasafna var haldinn í Reykjavík 27.-28. mars og sótti héraðsskjalavörður fundinn. Á fundinum var m.a. fjallað um styrki til miðlunarverkefna og persónuverndarlöggjöf sem væntanlega tekur gildi árið 2018.

Í september fóru skjalaverðir í ferð á höfuðborgarsvæðið og kynntu sér starfsemi héraðsskjalasafna á svæðinu. Söfnin í Mosfellsbæ, Kópavogi og Borgarskjalasafn voru sótt heim. Heimsóknir sem þessar gefa starfsfólki mjög mikið og það að sjá hvernig aðrir gera sömu verk og unnin eru heima er mjög lærdómsríkt. Í ferðinni var sérstök áhersla lögð á að sjá hvernig aðrir útfæra geymslustaði og lausnir vegna skjala sem eru óvenjuleg.

Skjalaverðir tóku þátt í árlegri ráðstefnu og fræðslufundi Félags íslenskra héraðsskjalavarða í september sem að þessu sinni var haldin að Laugum í Sælingsdal í umsjá Héraðsskjalasafns Dalasýslu. Þar var fjallað m.a. um ljósmyndun og miðlun skjala á vef, vefkerfi og skjalaskráningarkerfi, neyðaráætlanir, rafræna langtíma-varðveislu, persónuvernd og upplýsingarétt, starfsmat sveitarfélaga, Facebook sem miðlunartæki, samstarf við skóla og fleira.



Þátttakendur á ráðstefnu skjalavarða að Laugum í Sælingsdal.

Sýningar

Safnið tók þátt í Norræna skjaladeginum 11. nóvember 2017 með tvennum hætti. Annars vegar með því að senda inn efni á vefinn skjaladagur.is og hins vegar var sett upp sýningin Hús og heimili í anddyri safnsins. Sýningarefnið var í takt við yfirskriftina en sýndar voru fjölbreyttar heimildir sem notast má við þegar saga húsa er könnuð. Sem dæmi voru sýnd skjöl og myndir sem varða húsin og heimilin Lundargötu 10, Sandhóla í Eyjafjarðarsveit, Sigurhæðir á Akureyri og Steinsstaði í Öxnadal. Sýningin stóð út nóvember.



Frá sýningunni „Hús og heimili“

Verkefni

Á vordögum 2017 hlaut safnið styrk frá Þjóðskjalasafni Íslands til að vinna og birta á vef ljósmyndir af skjölum. Árið áður fékk safnið sams konar styrk til ljósmyndunar skjalanna. Þar að auki hlaut safnið ásamt Héraðsskjalasafni Þingeyinga og Héraðsskjalasafni Árnesinga styrk til miðlunar og þróunar á vefviðmóti fyrir birtingu á þessum skjölum. Þann 1. desember var svo vefurinn herak.myndahlada.is opnaður og þar má nú sjá yfir 100 bækur frá 9 sveitarfélögum á safnsvæðinu og ná þær yfir tímabilið frá 1790 - 1937. Í þessar bækur er skráð afar áhugaverð saga og eru þær meðal þeirra gagna sem notendur skjalasafna hafa mestan áhuga á að skoða. Þarna má finna upplýsingar um þróun byggðar, búsetu, búfjáreign, fátækraframsælsu, húsakost, byggingaleyfi og margt fleira. Með þessu verkefni er stigið mikilvægt skref í þá átt að gera safnkost héraðsskjalasafna aðgengilegri, þar sem hægt er að skoða og sækja gögnin óháð búsetu og opnunartíma safnsins.

Rekstraryfirlit 2017

Héraðsskjalasafnið á Akureyri er rekið af Akureyrarbæ með framlögum frá hinum aðildarsveitarfélögum, sem miðast við íbúafjölda hvers sveitarfélags 1. desember árið áður. Ríkissjóður styrkir safnið árlega og ákvarðast sú fjárhæð af fjárlögum hvers árs. Einnig fékkst verkefnastyrkur frá Þjóðskjalasafni Íslands til skönnunar og miðlunar á safnefni þetta árið.

Rekstrarkostnaður alls kr. 46.969.696.-

40	Tekjur - Framlag ríkissjóðs	892.500cr
40	Tekjur – Verkefnastyrkur Þjóðskjalasafns Íslands	840.000cr
40	Tekjur - Sveitarfélög utan Akureyrar	5.310.585cr
51	Launakostnaður/starfsmannakostnaður	18.560.567.-
52	Vörukaup, rafmagn og hiti	2.544.282.-
54	Húsaleiga/lausafjárleiga Fasteignafélags Ak	23.518.674.-
54	Önnur þjónustukaup/ræsting	2.346.171.-

Akureyrarkaupstaður kr. 39.926.611.-

Afhendingar 2017 - yfirlit

Aðf.nr.	Skjalamyndari	Hillu m.	Hver afhenti
2017/1	Húsfélagið Vestursíðu 34	0,22	Elín Dögg Guðjónsdóttir
2017/2	Húsfélagið Smárahlið 1	0,11	Elín Dögg Guðjónsdóttir
2017/3	Tómas Benediktsson frá Hólum	0,03	Ingibjörg Bjarnadóttir
2017/4	Ingibjörg Bjarnadóttir og Daníel Pálmason, Gnúpufelli	0,03	Ingibjörg Bjarnadóttir
2017/5	Pálmi Þórðarson, Þórður Danielsson og Guðlaug Jónasdóttir, Gnúpufelli	0,03	Ingibjörg Bjarnadóttir
2017/6	Akureyrarbær - Bæjarskrifstofur	0,16	Elín Dögg Guðjónsdóttir
2017/7	Kristján Sigfússon, Ytra-Hóli	0,5	Sævar Geir Sigurjónsson
2017/8	Soroptimistaklúbbur Akureyrar	0,03	Hólmfríður Andersdóttir
2017/9	Hólmgeir Þorsteinsson, Hrafnagili o.v.	0,03	Þórgnýr Þórhallsson
2017/10	Hrefna Harðardóttir, Heiðartúni	0,26	Minjasafnið á Akureyri / Haraldur Þór Egilsson
2017/11	Amtsbókasafnið á Akureyri	0,03	Sigríður Sigurðardóttir
2017/12	Ásdís Jóhannsdóttir og Vignir Jónasson, Akureyri	0,4	Arnar Yngvason
2017/13	Búnaðarfélag Glæsibæjarhrepps	0,03	Gunnar Jónsson frá Villingadal
2017/14	Húsmæðraskólinn á Laugalandi	1,77	Arnbjörg Jóhannsdóttir
2017/15	Héraðssamband eyfirskra kvenna	0,1	Arnbjörg Jóhannsdóttir
2017/16	Kristján Sigfússon, Ytra-Hóli	2,87	Rannveig Karlsdóttir
2017/17	Rótarýklúbbur Akureyrar	0,9	Hermann Sigtryggsson
2017/18	Söngfélagið Gígjan	0,06	Sólveig Hrafnadóttir
2017/19	Þórir Haraldsson, Akureyri	1,48	Una Sigurliðadóttir
2017/20	Öldrunarheimili Akureyrar	2	Linda Björk Tryggvadóttir

Aðf.nr.	Skjalamyndari	Hillu m.	Hver afhenti
2017/21	Bridgefélag Akureyrar	0,21	Stefán Vilhjálmsson
2017/22	Bridgesamband Norðurlands-eystra	0,13	Stefán Vilhjálmsson
2017/23	Landssamband íslenskra samvinnustarfsmanna	0,06	Stefán Vilhjálmsson
2017/24	Kvikmyndaklúbbur Akureyrar	0,07	Stefán Vilhjálmsson
2017/25	Gæðastjórnunarfélag Norðurlands	0,03	Stefán Vilhjálmsson
2017/26	Jón Hjaltason, Akureyri	0,08	Jón Hjaltason
2017/27	Ester Bára Sigurðardóttir, Akureyri	0,03	Heiðdís Björk Helgadóttir
2017/28	Amtsþókasafnið á Akureyri	0,03	Sigrún Ingimarsdóttir
2017/29	Friðrik Kristjánsson og Gerður Pálsdóttir, Hrafnagili	0,03	Fanney Friðriksdóttir
2017/30	Málfundafélagið Framsókn	0,03	Gunnar Jónsson frá Villingadal
2017/31	Búnaðarfélag Hrafnagilshrepps	0,03	Gunnar Jónsson frá Villingadal
2017/32	Ræktunarsamband Saurbæjar- og Hrafnagilshreppa	0,03	Gunnar Jónsson frá Villingadal
2017/33	Sóknarnefnd Akureyrarkirkju	0,03	Sigríður Sigurðardóttir
2017/34	Rótarýklúbbur Akureyrar	0,03	Sigríður Ágústsdóttir
2017/35	Amtsþókasafnið á Akureyri	0,2	Hólmfríður Björk Pétursdóttir
2017/36	6. deild Félags íslenskra leikskólakennara	0,46	Hrafnhildur G. Sigurðardóttir
2017/37	Bifreiðastöðin Stefir	0,03	Árni Björn Árnason
2017/38	Protabú BENE ehf, Verslunar Guðrúnar Jónsdóttur og R7	5,5	Lögmenn Norðurlandi / Júlí Ósk Antonsdóttir
2017/39	Haraldur Hannesson og Sólveig Benný Jóhannsdóttir, Víðigerði	0,46	Hjörtur Haraldsson
2017/40	Augnlæknastofan Kaupangi	4,85	Ragnar Sigurðsson
2017/41	Öngulsstaðahreppur/Eyjafjarðarsveit	0,1	Laufey Gunnarsdóttir
2017/42	Þorsteinn Sigurbjörnsson, Fagrabæ	0,1	Björn Ingólfsson, Grenivík
2017/43	Kvikmyndaklúbbur Akureyrar	0,03	Sigríður Sigurðardóttir
2017/44	Ásgrímur Ágústsson, Akureyri	0,03	Ásgrímur Ágústsson
2017/45	Ræktunarfélag Norðurlands	0,83	Bjarni Guðleifsson
2017/46	Heilsugæslustöðin á Akureyri	9,7	Sigurbjörg Haraldsdóttir
2017/47	Benjamín Kristjánsson, Syðra-Laugalandi	0,08	Þóra Björk Kristinsdóttir
2017/48	Amtsþókasafnið á Akureyri	0,64	Sigrún Ingimarsdóttir
2017/49	Kíwanisklúbburinn Kaldbakur	0,32	Jakob Jóhannesson og Þorgeir Jóhannesson
2017/50	Akureyrarbær - Fjölskyldusvið	4,84	Elín S. Jónsdóttir
2017/51	Ally Aldís Lárusdóttir, Akureyri	0,05	Anna Richardsdóttir
2017/52	Magnús Stefánsson, Akureyri	0,03	Magnús Stefánsson
2017/53	Dofri hf	0,5	Iðnaðarsafnið / Þorsteinn Arnórsson
2017/54	Möl og sandur hf	0,58	Iðnaðarsafnið / Þorsteinn Arnórsson
2017/55	Strengjasteypan hf	0,5	Iðnaðarsafnið / Þorsteinn Arnórsson
2017/56	Söltunarstöð Valtýs Þorsteinssonar Hjalteyri	0,08	Iðnaðarsafnið / Þorsteinn Arnórsson
2017/57	Húsgagnaverkstæði Kristjáns Aðalsteinssonar	0,05	Iðnaðarsafnið / Þorsteinn Arnórsson
2017/58	Þorsteinn Davíðsson, Akureyri	0,03	Iðnaðarsafnið / Þorsteinn Arnórsson

Aðf.nr.	Skjalamyndari	Hillu m.	Hver afhenti
2017/59	Verksmiðjur SÍS	0,05	Iðnaðarsafnið / Þorsteinn Arnórsson
2017/60	Kaupfélag Eyfirðinga	0,32	Iðnaðarsafnið / Þorsteinn Arnórsson
2017/61	Gunnlaugur Búi Sveinsson og Signa Hallsdóttir, Akureyri	0,06	Helga H. Gunnlaugsdóttir
2017/62	Legatssjóður Jóns Sigurðssonar	0,03	Svavar Pálsson
2017/63	Jón Sigfússon, Akureyri	0,06	Jón Sigfússon
2017/64	Kjölur stéttarfélag starfamanna í almannapjónustu	0,12	Arna Jakobína Björnsdóttir
2017/65	Akureyrardeild Sjúkrliðafélags Íslands	0,11	Arna Jakobína Björnsdóttir
2017/66	Dráttarbraut Akureyrar	0,52	Kristinn Gunnarsson
2017/67	Jarðræktarfélag Akureyrar	0,03	Borgarskjalasafn / Gréta B. Sörensdóttir
2017/68	Gísli Konráðsson og Sólveig Axelsdóttir, Akureyri	0,03	Hörður Geirsson
2017/69	Anna María Ísleifsdóttir og Frímann Frímannsson, Akureyri	0,03	Ásta Sigrún Einarsdóttir
2017/70	Amtsbókasafn á Akureyri	0,03	Sigrún Ingimarsdóttir
2017/71	Hótel Akureyri	0,03	Amtsbókasafnið á Akureyri / Guðrún Kristín Jónsdóttir
2017/72	Skíðafélag Akureyrar	0,24	Baldur Dýrfjörð
2017/73	Benjamín Kristjánsson, Syðra-Laugalandi	0,08	Þóra B. Kristinsdóttir
2017/74	Húsmæðraskólinn Laugalandi	0,03	Þóra B. Kristinsdóttir
2017/75	Mjólkurflutningafélag Saurbæjarhrepps/Samvinnufélag mjólkursamlagsdeildar	0,24	Gunnar Jónsson frá Villingadal
2017/76	Saurbæjarhreppur	0,24	Gunnar Jónsson frá Villingadal
2017/77	Héraðssamband eyfirkra kvenna	0,7	Arnbjörg Jóhannsdóttir
2017/78	Bifreiðastöð Akureyrar	0,42	Arnbjörg Jóhannsdóttir
2017/79	Skátafélög á Akureyri	0,68	Gyða Halldórsdóttir
2017/80	Hulda Þórarinsdóttir og Halldór Arason, Akureyri	0,4	Gyða Halldórsdóttir
2017/81	Leikskólinn Hlíðaból	3,39	Sesselja Sigurðardóttir
2017/82	Bókasafn Saurbæjarhrepps/Lestrarfélag Saurbæjarhrepps	0,08	Gunnar Jónsson frá Villingadal
2017/83	Ungmennafélagið Vorboðinn	0,03	Gunnar Jónsson frá Villingadal
2017/84	Bjarni Guðleifsson, Möðruvöllum	0,03	Bjarni Guðleifsson
2017/85	Jarðræktarfélag Akureyrar	0,03	Borgarskjalasafn / Gréta B. Sörensdóttir
2017/86	Íþrótt- og tómstundamál, HM-95	0,06	Gunnar Jónsson
2017/87	Samstarfshópur um sundlaugamál á Akureyri	0,08	Gunnar Jónsson
2017/88	Elinborg Jónsdóttir og Sigurður Sölvason, Akureyri	0,14	Gunnar Jónsson
2017/89	María Jónína Sigurðardóttir, Akureyri	0,3	Gunnar Jónsson
2017/90	Einar Jóhannsson, Akureyri o.v.	0,03	Anna María Hjálmarsdóttir
2017/91	Karl Bjarni Jónsson, Akureyri	0,05	Inga Vala Birgisdóttir
2017/92	Jóhanna Sigurðardóttir, Akureyri	0,16	Inga Vala Birgisdóttir
2017/93	Marteinn Sigurðsson og Einhildur Sveinsdóttir, Akureyri	0,03	Inga Vala Birgisdóttir
2017/94	Byggingafulltrúi Eyjafjarðarsvæðis	1,9	Skipulags- og byggingafulltrúi Eyjafjarðar / Vigfús Björnsson
2017/95	Ríkarður Bergstað Jónasson og María Árnadóttir, Akureyri	0,03	Ríkarður Bergstað Jónasson og María Árnadóttir
2017/96	Sverrir Pálsson, Akureyri	0,03	Guðbjörg Ingimundardóttir

<i>Aðf.nr.</i>	<i>Skjalamyndari</i>	<i>Hillu m.</i>	<i>Hver afhenti</i>
2017/97	Ólafur Þorgrímsson, Reykjavík	0,03	Kjartan Reynir Ólafsson
2017/98	Heilsuhælið Kristnesi	0,64	Brynjar Karl Óttarsson
2017/99	Vinnustofur SÍBS Kristnesi	0,05	Brynjar Karl Óttarsson
2017/100	Anton Larsen, Akureyri o.v.	0,03	Brynjar Karl Óttarsson
2017/101	Brynjar Karl Óttarsson, Akureyri	0,05	Brynjar Karl Óttarsson
2017/102	Þórhalla Þorsteinsdóttir, Akureyri	0,13	Jón Hjaltason
2017/103	Sigurhæðir - Hús skáldsins	0,08	Minjasafnið á Akureyri / Haraldur Þór Egilsson
2017/104	Grýtubakkahreppur	0,05	Þorsteinn Jóhannesson
2017/105	Hjálmar G. Steindórsson og Rannveig Magnúsdóttir, Reykjavík	0,03	Jóhann Ólafsson
2017/106	Jón Norðfjörð, Akureyri	0,09	Minjasafnið á Akureyri / Haraldur Þór Egilsson
2017/107	Leikfélag Akureyrar	0,03	Minjasafnið á Akureyri / Haraldur Þór Egilsson
2017/108	Vala Tryggvadóttir, Akureyri	0,05	Vala Tryggvadóttir
2017/109	Jóhannes Emilsson, Akureyri	0,09	Anton Steinþórsson
2017/110	Magnús Ólafssonar, Akureyri	0,03	Anna Þóra Baldursdóttir
2017/111	Akureyrarbær - Fjölskyldusvið	2,42	Anna Bryndís Sigurðardóttir
2017/112	Vernharður Sveinsson, Akureyri	0,03	Minjasafnið á Akureyri / Hörður Geirsson
2017/113	Jón Hjaltason, Akureyri	0,08	Jón Hjaltason
2017/114	Valtýr Jóhannsson frá Hömrum	0,05	Amtsbókasafnið á Akureyri / Guðrún Kristín Jónsdóttir
2017/115	Leikfélag Öngulsstaðahrepps, síðar Freyvangsleikhúsið	0,05	Emilía Baldursdóttir
2017/116	Öngulsstaðahreppur	0,03	Emilía Baldursdóttir
2017/117	Anna Helgadóttir og Baldur Sigurðsson, Ytra-Hóli	0,05	Emilía Baldursdóttir
2017/118	Emilía Baldursdóttir, Ytra-Hóli	0,1	Emilía Baldursdóttir
2017/119	Verkalýðssamband Norðurlands	0,03	Eining - Iðja / Þorsteinn Arnórsson
2017/120	Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar	0,05	Eining - Iðja / Þorsteinn Arnórsson
2017/121	Verkalýðsfélagið Eining	0,2	Eining - Iðja / Þorsteinn Arnórsson
2017/122	Eining - Iðja	0,08	Eining - Iðja / Þorsteinn Arnórsson
2017/123	Þorsteinn Jónatansson, Akureyri	0,16	Eining - Iðja / Þorsteinn Arnórsson
2017/124	Jón Hjaltason, Akureyri	0,15	Jón Hjaltason
	Hillumetrar alls	57,53	